

Aðalfundur Fálkaseturs Íslands

Fundargerð

Aðalfundur Fálkaseturs Íslands haldinn í Þekkingarsetri Þingeyinga 27. febrúar 2020 kl. 14:00. Mættir eru: Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Guðmundur Ögmundsson, Sverrir Thorstensen, Ari Páll Pálsson, Guðrún K. Aðalsteinsdóttir og Daði Lange. Aðalsteinn stýrði fundi og ritaði fundargerð.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður flutti skýrslu stjórnar og gerði grein fyrir því helsta í starfi félagsins á liðnu ári. Einn stjórnarfundur var haldinn liðnu ári en flest mál voru afgreidd með tölvupóstsamskiptum.

Stærsti þátturinn í starfi síðasta árs var eftirlit með fálkahreiðrum. Við eftirlitið voru notaðar myndavélar með hreyfiskynjara sem Fálkasetrið fékk að styrk árið 2018. Myndavélar taka myndir ef hreyfing á sér stað framan við þær og senda þá mynd í síma stjórnarmanns. Fengnar voru upplýsingar um þau óðul sem talin eru í mestri hættu fyrir eggjastuldi frá Ólafi K. Nielsen hjá Náttúrufræðistofnun. Þessi óðul voru heimsótt í lok mars og byrjun apríl og eftirlitsmyndavélar settar upp þar sem nauðsyn þótti til. Verkefnið var svo kynnt hjá RUV þann 2. apríl 2019 í forvarnskyni. Ekki varð vart við neinar grunsamlegar mannaferðir og voru myndavélar teknar niður í maí og júní. Óskað var eftir styrk frá Símanum sem nemur gjöldum af notkun myndavéla og var hann veittur. Vill Fálkasetrið koma á framfæri innilegu þakklæti til Símans fyrir það. Stefnt er að því að hafa sama háttinn á varðandi eftirlit með fálkahreiðrum á þessu ári en félagið hefur leyfi fyrir þessari vöktun út árið 2020.

Fálkasetrið fékk styrk frá Vinum Vatnajökuls árið 2018 til að setja upp sýningu í Gljúfrastofu. Hún varð þó ekki að veruleika það ár en leyfi fékkst frá Vinum Vatnajökuls til að fresta vinnunni. Búið er að hafa samband við hönnuð sýningarinnar en ljóst var að styrkurinn myndi ekki duga fyrir sýningunni. Guðmundur var í sambandi við Vini Vatnajökuls og óskaði eftir að þeir myndu fjármagna það sem uppá vantaði. Það erindi hefur ekki verið afgreitt.

Austurrískur fálkavinur sem hefur lánað myndavélar til eftirlits við fálkahreiður var oft í sambandi við Fálkasetrið og kom hingað til lands í byrjun sumars. Hann vill ólmur hjálpa fálkanum á hvern þann hátt sem hægt er og þar sem eftirlit með fálkahreiðrum er nú á góðum farvegi ætlar hann að beita kröftum sínum í að laga varpstaði. Slík vinna færi fram síðsumars, eftir varp fálkans. Ljóst er að vegna fækkunar hrafnis eru færri laupar sem standa fálkanum til boða að vorlagi og því minna um góða varpstaði. Uppsetning á „gervilaupum“ myndi bæta þar mikið úr.

Engin fræðsluerindi eða göngur voru á vegum félagsins á síðasta ári. Línurit á heimasíðu hafa verið uppfærð með nýjustu tölum en það hafið ekki verið gert frá því síðan var sett upp. Heimasíðan er hins vegar enn sett upp í gömlu kerfi og er ekki farsímavæn. Stefnt er að því að setja hana í nýtt kerfi þegar tími vinnst til.

Skýrsla stjórnar var borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

2. Reikningar

Sverrir gerði grein fyrir reikningum ársins 2019. Tekjur á árinu voru 85.027 kr. og gjöld 33.484 kr. Staða um áramót var 77.504 kr.

Reikningar voru bornir upp til atkvæða og samþykktir samhljóða.

3. Kosning stjórnar

Tillaga kom frá stjórn um eftirfarandi stjórnarskipan:

Stjórn:

Aðalsteinn Örn Snæþórsson
Guðmundur Ögmundsson
Sverrir Thorstensen
Guðrún K Aðalsteinsdóttir
Daði Lange Friðriksson

Varastjórn

Ólafur Karl Nielsen
Ari Páll Pálsson
Sólveig Sigurðardóttir

Skoðunarmenn reikninga:

Halldór Valdimarsson
Pétur Halldórsson

Aðrar tillögur bárust ekki og telst þessi stjórn því sjálfkjörin.

4. Önnur mál

a. Sýning í Gljúfrastofu

Guðmundur fór yfir stöðu mála varðandi sýningu í Gljúfrastofu og Aðalsteinn sýndi myndir sem Fálkasetrið hefur fengið frá Ólafi Jónssyni og má nýta í sína starfssemi.

b. Árgjald

Ákveðið að taka upp félagsgjöld. Gjaldið í ár verður 1000 kr.

c. Fræðsluerindi.

Stefnt að því að hafa fræðsluerindi um Theodór í Gljúfrastofu í sumar. Stjórn tekur að sér að finna hentugan tíma og sjá um skipulag viðburðarins.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:35